

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Miðvikudaginn 8. október 2008 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Fjármál og framkvæmdir**

Oddviti fór yfir hvernig fjárvörslu á sjóðum sveitarfélagsins er háttað og kom fram að langstærsti hluti peningalegra eigna sveitarfélagsins eru á innlánsreikningum.

Fyrir fundinum lá samantekt um skatttekjur fyrstu 8 mánuði ársins og samanburður við fjárhagsáætlun einnig var fyrirbyggjandi samantekt um kostnað við fjárfestingar og framkvæmdir. Sveitarstjóri fór yfir helstu þætti í framkvæmdum og stöðu þeirra. Umræður urðu um framkvæmdir og kostnað við þær. Fyrir fundinum lágu drög að hönnunarforsögn vegna sundlaugarbyggingar sem Ágúst Hafsteinsson arkitekt hafði tekið saman. Drögin voru til kynningar og sveitarstjóra falið að leita eftir kostnaðarmati á fumhönnun.

**2. Erindi til fjárlaganefndar**

Fyrir fundinum lágu erindi og mál sem oddviti lagði fyrir fjárlaganefnd Alþingis. Hann gerði grein fyrir kynningu og viðtökum á erindum sem í nafni sveitarstjórnar voru kynnti fyrir fjárlaganefnd svo og þeim erindum sem til umfjöllunar voru fyrir héraðið í heild. Umræður urðu um málið en ekki gerðar sérstakar ályktanir.

**3. Atvinnumál**

Miklar umræður urðu um atvinnumál, bæði stöðu og horfur.

**4. Félags- og skólaþjónusta A-Hún**

- a) Fundargerð stjórnar, 1. okt. 2008.  
Ekki voru gerðar athugasemdir við fundargerðina.
- b) Fjárhagsáætlun 2008, endurskoðuð útgáfa.  
Fjárhagsáætlunin er annarsvegar endurskoðuð áætlun fyrir félagsþjónustu allt árið og hins vegar áætlun vegna 6 mánaða fyrir öldrunarmál og skólaþjónustu. Ekki voru gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlunina.
- c) Ábyrgð vegna lántöku í Lánasjóði sv.fél.  
Vegna framkvæmda við Hnitbjörg á vegum Félags- og skólaþjónustu hefur verið sótt um lá til Lánasjóðs sveitarfélaga. Forsenda fyrir láninu er að aðildarsveitarfélög ábyrgist lánið. Svohljóðandi bókun var samþykkt:

**Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita Félags- og skólaþjónustu A-Hún, veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku byggðasamlagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga:**

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir hér með að veita ábyrgð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavatnssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 22.000.000 kr. Miðast ábrygðin við hlutfallslega aðild að byggðasamlaginu. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverð til 10 ára, með breytilegum 5,00% vöxtum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Lán byggðasamlagsins er tekið til að fjármagna endurbætur á Hnitbjörgum, leiguíbúðum aldraðra, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Ábrygðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.

Jafnframt er Magnúsi B. Jónssyni, kt. 140452-4679, sveitarstjóra veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Sveitarfélagsins Skagastrandar veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

## **5. Aðalskipulag**

### a) Drög að aðalskipulagi (sept 08)

Drögin voru til kynningar og sveitarstjóra falið að fara yfir athugasemdir og koma þeim á framfæri við ráðgjafa.

### b) Matslýsing vegna aðalskipulags (18.09.2008)

Matslýsingin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hana.

### c) Fornleifaskráning Skagastrandar (tilboð í verkið)

Fyrir fundinum lá bréf Þórs Hjaltalín minjavarðar sem minnir á að skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá aðalskipulagi.

Einnig lágu fyrir fundinum tilboð í fornleifaskráningu frá Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga og hinsvegar frá Fornleifastofnun Norðurlands. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi um verkefnið í samráði við minjavörð Norðurlands vestra.

## **6. Bréf:**

### a) Eignarhaldsfélag BÍ, dags. 2. okt. 2008.

Í bréfinu er gerð grein fyrir ágóðahlutagreiðslu 2008 sem er 400 milljónir á árinu. Fram kemur að hlutur sveitarfélagsins Skagastrandar er 3.285.000 kr. Bréfið var til kynningar.

### b) SSNV atvinnuþróunar

Með bréfinu er greint frá að hafin sé undirbúningur að atvinnulífssýningu Húnavatnssýslna sem haldinn verði í Perlunni í Reykjavík í febrúar 2009. Bréfið var til kynningar.

### c) Umboðsmanns barna, dags. 20. sep. 2008.

Með bréfinu er minnt á að stofna skuli sérstök ungmennaráð og setja þeim reglur um hlutverk. Meðfylgjandi bréfinu var spurningalisti um stöðu málsins. Sveitarstjóra falið að svara erindinu og spurningalista.

d) Stjórnar smábátafélagsins Skalla, dags. 18. sept. 2008.  
Með bréfinu er kynntar ályktanir aðalfundar smábátafélagsins Skalla sem haldinn var 12. september 2008.  
Ályktanirnar voru til kynningar.

e) Alþjóðahúss á Norðurlandi, dags. 23. sept. 2008.  
Með bréfinu er kynnt starfsemi Alþjóðahúss á Norðurlandi og óskað eftir að gerður verði þjónustusamningur með sambærilegum hætti og gerður hefur verið milli Alþjóðahúss og Akureyrarbæjar.  
Ekki voru taldar forsendur fyrir þjónustusamningi.

f) Strætó bs. dags. 17. sept. 2008.  
Með bréfinu greinir framkvæmdastjóri Strætó bs. frá því að sveitarfélög utan byggðasamlagsins geti sótt um að kaupa nemakort fyrir þá íbúa sína sem stunda viðurkennt nám á framhalds- eða háskólastigi á höfuðborgarsvæðinu. Hvert nemakort kostar 31.000 kr og gildir til 1. júní 2009.  
Umræður urðu um málið bæði hvort og hvernig skuli styðja við framhalds og háskólanemendur. Afgreiðslu málsins frestað.

g) Þórðar Skúlasonar, dags. 1. sept. 2008.  
Með bréfinu tilkynnir Þórður um að hann hafi látið af störfum sem framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og færir samstarfsfólki á vettvangi sveitarstjórnarmála þakkir fyrir gott samstarf.  
Sveitarstjórn bókaði þakkir til Þórðar fyrir samstarf á vettvangi sveitarstjórnarmála.

h) MX-klúbbs Skagastrandar, dags. 4. sept. 2008.  
Með bréfinu greinir stjórn klúbbsins frá áætluðum kostnaði við gerð torfærubrautar á svæði sem klúbbum hefur verið úthlutað fyrir þá starfsemi. Klúbburinn óskar eftir 1 milljón króna framlagi til gerðar brautarinnar.  
Mikil umræða varð um staðsetningu torfærubrautar og árhif hennar. Samþykkt að taka upp viðræður við stjórn MX-klúbbsins um málefni hans.

## **7. Fundargerðir**

- a) Skipulags- og byggarnefnd, 15.09.2008  
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Stjórnar Byggðarsamlags um Tónlistarskóla A-Hún, 10.09.2008  
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Stjórnar Byggðasaml um menningar og atvinnum. 31.07.08  
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Heilbrigðisnefndar NI.vestra, 26.08.2008.  
Fundargerðin var til kynningar.

- e) Stjórnar Norðurár bs. 20.08.2008  
Fundargerðin var til kynningar
- f) Stjórnar SSNV, 3.09.2008  
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Ársþings SSNV, 19.-20.09.2008  
Fundargerðin var til kynningar.
- h) Stjórnar Sambands ísl. sv.fél, 22.08.2008.  
Fundargerðin var til kynningar.

### **8. Önnur mál**

Fyrir fundinum lá erindi frá Styrktarsjóði A-Hún. þar sem óskað er eftir styrk. Samþykkt að veita 100 þús. kr. stuðningi til sjóðsins.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 1210

Adolf H. Berndsen

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson

Sigríður Gestsdóttir

Erla Jónsdóttir

Magnús B. Jónsson.